

MINNISBLAÐ

Unnið af Atvinnuþróunarfélagi Vestfjarða, Viktoríu Rán Ólafsdóttur.

12. febrúar 2015

Afleiðingar sölu aflaheimilda úr Strandabyggð

Allt hagkerfi samfélagsins í Strandabyggð helst í hendur við sjávarútveginn og snýst í kringum hann. Gangi vel hjá útgerðinni hagnast allir íbúar og öll fyrirtæki staðarins, s.s. verslunin, iðnaðarmenn, hárgreiðslukonan o.s.frv.

Atvinnustarfsemi Strandabyggðar er háð sjávarútvegi, en 71 íbúi starfar hjá fyrirtækjum sem byggja afkomu sína á sjávarútvegi með beinum hætti, en um 500 manns búa í sveitarfélaginu. Að sama skapi eru fjölmörg afleidd störfum í kringum sjávarútveginn. Smábátaútgerðin hefur verið að eflast á svæðinu. Fimm útgerðarfyrirtæki gera út 6 krókaafلامarksbáta með alls 23 starfsmenn. Önnur 18 fyrirtæki gera út 18 strandveiðibáta hluta úr ári með alls 20 starfsmenn og hluti þeirra stunda einnig grásleppuveiðar. Teljast þessar útgerðir vera helsta nýliðunin í flota Strandabyggðar.

Fyrirtæki hafa verið að kaupa og leigja aflaheimildir, en nú stefnir í að helmingur varanlegra aflaheimilda krókaafلامarksbáta Strandabyggðar, alls 171 tonn, flytjist úr heimabyggð.

Helstu niðurstöður

- Smábátaútgerðin hefur verið að eflast á svæðinu
- 5 útgerðarfyrirtæki gera út 6 krókaafلامarksbáta með alls 23 starfsmenn
- Heildar aflaheimildir sveitarfélags eru 343 tonn (bolfiskur)
- 18 fyrirtæki gera út 18 strandveiðibáta með 20 starfsmenn hluta úr ári (helsta nýliðunin)
- Um 500 íbúar eru í Strandabyggð, þar af teljast 298 íbúar á vinnualdri (19-66 ára)
- 71 íbúi Strandabyggðar eða 24% fólks á vinnualdri starfa hjá fyrirtækjum sem byggja afkomu sína á sjávarútvegi með beinum hætti
- **Seljast 171 tonna aflaheimild úr heimabyggð þá eru helstu afleiðingar:**

Sjávarútvegstengdra fyrirtækja

- 23% fækkun starfa eða tap á 16 heilsársstörfum yrði í sjávarútvegi (krókaafلامarksbáta, fiskmarkaðs og fiskflutninga)
- 6% fækkun yrði á störfum íbúa á vinnualdri
- Séu afleidd langtíma áhrif meðtalin er áætlað 36 störf tapist eða að störfum myndi fækka um 12% í Strandabyggð (skv. reiknistuðlum Byggðastofnunar)
- Fyrirvinnur 18% barna Strandabyggðar (18 ára og yngri) myndu tapa vinnu sinni
- 50% skerðing yrði á veltu krókaafلامarksbáta, úr 342,2 m.kr. í 171,2 m.kr
- 50% skerðing yrði á launagreiðslum krókaafلامarksbáta, úr 123,1 m.kr. í 61,5 m.kr.
- 57% skerðing yrði á samanlagðri veltu krókaafلامarksbáta, fiskmarkaðar, fiskflutninga og hafnarsjóðs eða úr 442,7,5 m.kr. í 190 m.kr.
- 51% skerðing yrði samanlögðum launagreiðslum krókaafلامarksbáta, fiskmarkaðar og fiskflutninga og hafnarsjóðs eða úr 158,2 m.k.r. í 77,1 m.kr.

Samdráttur sveitarfélagsins

- 59-65% samdráttur yrði í tekjum hafnarsjóðs eða úr 12,2 m. kr. í 4,5-5 m. kr. (miðað við að sala tveggja krókabáta skerði jafnframt grásleppu- og makrílafila)

- Yfirvinna hafnarstarfsmanna og vigtarmanna myndu skerðast verulega eða úr 8 m.kr. í 3-4 m.kr.
- Sveitarfélagið myndi tapa 252,2 m.kr. úr hagkerfi sínu. Með afleiddum áhrifum má áætla að heildartap sveitafélagsins sé um 504-580 m.kr.
- Útsvarstofn Strandabyggðar myndi lækka. Bein afleiðing myndi lækka útsvarstofn vegna launa um 84,3 m.kr. Með afleiddum störfum yrði lækkunin um 193,9 m.k.r. eða um 14% lækkun.

Nánar um afleidd áhrif á atvinnugreinina og einstakar starfseiningar

Þessi samantekt er ætluð til að vekja almenning og stjórnvöld til umhugsunar um stöðu Strandabyggðar í ljósi yfirvofandi sölu útgerðarfélagsins Hlakkar ehf.

Aflaheimildir Hólmavíkurhafnar 2014 (bolfiskur)

Heiti	PÍG-kg.	Þorskur	Ýsa	Alls kg.	Samtals
Til Sölu					
Hlökk	143.054	125.800	11.638	140.315	
Herja	31.793	27.768	3.096	30.864	171.179
Eftir stendur					
Hafbjörg	53.157	42.685	6.901	51.487	
Straumur	42.797	31.023	8.293	40.439	
Guðmundur J.	61.825	54.121	5.329	60.296	
Hilmir	20.912	14.408	4.064	19.868	172.090
Samtals		142.237	24.587		343.269

Til stendur að Hlökk ehf selji alla starfsemi sína; 2 báta og hágæða beitningaraðstöðu ásamt 171 tonna aflaheimild og hefur nú þegar sagt upp 12 starfsmönnum. Hlökk leigir auk þess til sín mikið af kvóta og landar því töluvert meira en þessari 171 tonna aflaheimild. Sem dæmi landaði Hlökk alls 99 tonnum af ýsu, 208 tonnum af þorski, 83 tonnum af makríl, 101 tonni af grásleppu og 9 tonnum af öðrum afla eða samtals 502 tonnum árið 2014.

Atvinna liðlega 6% bæjarbúa Hólmavíkur á vinnualdri er í uppnámi. Séu slíkar uppsagnir bornar hlutfallslega saman við önnur bæjarfélög þá er það eins og að 136 manns sé sagt upp á Ísafirði eða um 4700 manns í Reykjavík. Launagreiðslur sjávarútvegsins hafa verið um 158,2 m.kr. á ári og afleidd launastörf um helmingur í viðbót. Áætlað er að sveitarfélagið Strandabyggð tapi um 252,2 m.kr. veltu úr hagkerfi sínu, en samkvæmt ráðgjöfum og reiknustuðlum Byggðarstofnunnar má áætla að langtíma afleiðingar yrði um 504-580 m.kr. lækkun. Tapist hálfur milljarður úr hagkerfi sveitarfélagsins myndi það hafa ýmsar óafturkræfar afleiðingar fyrir byggðarlagið.

Fækkun starfa í sjávarútvegi myndi neyða fólk til að flytja í leit að atvinnu þar sem engin önnur fyrirtæki eru til að taka við þessu mannafla. Slíkt myndi leiða til fækkun barna í skólum, uppsagna kennara og starfsfólki í leiksskóla sem og samdrætti í verslun og þjónustu.

Töluverð áhætta felst í fjárfestingum í sjávarútvegi þar sem óvissa ríkir með ákvarðanir ríkisvaldsins, s.s. kvótaskerðingar, veiðigjöldum og lagasetningum. Fyrirtæki eru treg til að skuldetja sig með miklum fjárfestingum í aflaheimildum, búnaði og tækjum á meðan stefna ráðuneytisins er óskýr til langs tíma. Eitt er þó víst að fari aflaheimildirnar úr héraði missir ekki aðeins sveitarfélagið töluvert úr þeim tekjuhlut sem það hefur af lönduðum afla, heldur mun það hafa neikvæð snjóboltaáhrif á fleiri fyrirtæki og íbúa svæðisins.

Bæjarbúar vilja því bregðast við yfirvofandi ógn á brottflutningi helmings veiðiheimilda sveitarfélagsins, en heimamenn eru ekki tilbúnir til að standa á bryggjunni og horfa á kvótann sigla á brott.

Hluttur Hlakkar	
Rekstrartekjur	59%
Laun og tengd gjöld	55%
Rekstrargjöld	62%
Tekjuskattur	34%
Eignir Samtals	59%
Eigið fé	71%
Langtímaskuldir	31%
Skammtímaskuldir	52%

Sjávarútvegur og tengd starfsemi í Strandabyggð							
	Sjómenn	Önnur störf	Makar	0-5 ára	6-15 ára	16-18 ára	Samtals
Hlökk ehf	4	8	7	2	9	1	31
Aðrir krókabátar	7	4	8	2	0	1	22
Strandveiðibátar	20	0	19	5	10	2	56
Strandafrakt	0	2	2	0	0	0	4
Fiskmarkaður	0	1	1	0	2	1	5
Rækjubátur	3	2	1	0	0	0	6
Hólmadrangur	0	20	7	5	9	2	43
ALLS	34	37	45	14	30	7	167

Hlutfall barna á aldrinum 0-5 ára	45%
Hlutfall barna á aldrinum 6-15 ára	58%


Tekjustofn sveitarfélagsins myndi rýrna töluvert, bæði vegna lækkunar á tekjum hafnarinnar sem og útsvarstekjum. Tekjur hafnarsjóðs, sem voru 12,2 m.kr. árið 2014, gætu lækkað niður í 4,5-5 m.kr. eða um 59-65%. Útsvarsstofn Strandabyggðar, sem var árið 2013 1.406 m.kr., gæti mögulega lækkað um 84,3 m.kr. Eins mun yfirvinna hafnarstarfsmanna og vigtarmanna skerðast verulega eða úr 8 m.kr. í 3-4 m.kr.

Rekstur sveitarfélagsins, er nokkuð þungur fyrir en á móti kemur að á honum hvílir ekki miklar skuldir. Veltufé frá rekstri hefur verið lítillega jákvætt. Skuldir og skuldbindingar hafa verið um 85% af tekjum. Séu allar ofangreindar upplýsingar samandregnar þá má áætla að sveitarfélagið tapi um 252,2 m.kr. úr hagkerfi sínu, en með afleiddum áhrifum má áætla að heildartap sveitafélagsins séu tvöföld sú tala eða um 504,4 m.kr.

Hafnarmannvirki Strandabyggðar

Uppbygging á höfninni í Hólmavík hefur verið töluverð. En eftir að vegurinn um Arnkötludal kom hefur meira verið landað þar en áður. Það hefur í för með sér aukin hafnargjöld sem og afleidd störf.

Sameiginlega hefur ríkið og sveitarfélagið fjárfest 120-130 m.kr. í hafnarmannvirkjum Hólmavíkurhafnar, frá 2005. Á árabílinu 2010-2012 voru 28,8 m.kr. settar í uppbyggingu hafnarmannvirkja, þ.e.a.s. stálþil. Einnig hefur verið uppbygging á smábátaaðstöðu, krönum, skeifuvog o.fl.. Eignir sveitarfélagsins í hafnarmannvirkjum voru alls 80,4 m.kr. árið 2014.



Aflagjöld

Aflagjald reiknast sem 1,64% af aflaverðmætum og voru alls 12,2 m.kr árið 2014. Missi Strandabyggð 50% aflaheimilda sinna úr héraði þá má áætla að tekjur af aflagjöldum minnki enn meira eða um 59-70%, þar sem Hlökk ehf hefur einnig verið að leigja til sín töluvert magn að aflaheimildum og landa öðrum tegundum s.s makríl og grásleppu.


Atvinna hafnarstarfsmanna mun dragast töluvert saman og þá sérstaklega yfirvinna en launagjöld þeirra voru 8 m.kr. árið 2014. Þjónusta hafnarinnar mun ef til vill ekki skerðast en uppbygging mun stöðvast eða minnka og viðhaldskostnaður sveitarfélagsins þyngjast.

Hlökk 2014	Aflamagn (kg)
Ýsa	99.881
Þorskur	208.413
Makrill	83.315
Grásleppa	101.486
Annað	9.885
Samtals afli	502.980

Fiskmarkaður

Velta fiskmarkaðarins hefur farið hækkandi og var 37 m.kr. árið 2013. Tekjugrunnur fiskmarkaðarins er samsettur af 4% af aflaverðmæti og þjónustugjöldum sem eru magn tengdar. Flest allir bátar hafa til þessa landað á markað. Reyndar hefur Hlökk ehf ekki landað grásleppunni þar undanfarið. Með brottflutningi helmings aflaheimilda Strandabyggðar þá má áætla að fiskmarkaðurinn yrði fyrir 45-50% tekjuskerðingu. Í framhaldi slíks áfalls yrði óhjákvæmilegt að endurskoða þjónustuframboð, starfsmannahald og rekstur almennt. Óvíst er að helmings skerðing á tekjum myndi bera heilsárs starfsmann.

Fiskmarkaðurinn á Hólmavík	Velta í kr
Árið 2010	24.810.478
Árið 2011	23.882.856
Árið 2012	28.241.772
Árið 2013	37.244.821




Fiskflutningar

Við sölu aflaheimildanna minnka flutningar sjálfkrafa um 50% og jafnvel meira. Strandafrakt sér um 90% fiskflutnings frá Hólmavíkurhöfn, en heildarvelta Strandafraktar byggist 90% á fiskflutningum og 10% á vöruflutningum og er samkvæmt eigenda í kringum 60 m.kr. á ári. Missi Strandafrakt helming rekstrartekna sinna þá myndi félagið á engan hátt standa undir föstum rekstrarkostnaði, þó svo að félagið segði upp 2 starfsmönnum. Strandafrakt er með 3 starfsmenn allt árið í kring og 2 í hlutastarfi yfir sumartímenn. Viðhald flutningabíla, rekstur og launakostnaður bæri fyrirtækið ofurlíði ef það þyrfti að takast á við 50% tekjuskerðingu.

Verslun

Kaupfélag Steingrímsfjarðar (KSH) er öflugt og hefur stækkað við sig og bætt þjónustuna eftir opnun Arnkötluvegar. Verslunarhúsnæði og veitingarrými var stækkað og opnunartími aukinn verulega sem hefur verið til hagsbóta fyrir bæði íbúa og ferðamenn. Kaupfélagið stendur vel og vegabætur og endurbætur hjá fyrirtækinu munu mjög líklega skila sér í aukinni verslun. Hjá KSH starfa um 15-17 manns og það er með tvö útibú auk verslunar og veitingasölu á Hólmavík. Kaupfélagið á 50% hlut í Hólmadrangi og 15,6% hlut í Fiskmarkaðinum á Hólmavík. KSH er umboðsaðili N1, en sala til útgerðaraðila er tekjutengd við líterfjölda. Einnig eru útgerðir í reikning hjá KSH sem selur þeim veiðarfæri, olíur, varahluti og kost. Meðalvelta útgerða er um 1-1,5 m. kr. á mánuði eða ca. 10-18 m. kr. á ári.

Kaupfélagið á Hólmavík	Velta í kr
Árið 2010	348.453.000
Árið 2011	391.531.114
Árið 2012	418.306.544
Árið 2013	423.956.412



Bætt grunngerð Strandabyggðar

Samgöngur

Hólmavík er stærsti þéttbýliskjarninn á Ströndum. Búið er að fjárfesta í veg um Arnkötluval (Þröskulda) sem breytir miklu fyrir svæðið, bæði fyrir íbúa á Ströndum, atvinnustarfsemi og almennt samstarf innan Vestfjarða. Vegalengdin er aðeins 233 km frá Hólmavík til Reykjavíkur með bundnu slitlagi alla leið. Frá Hólmavík til Ísafjarðar eru 225 km og sömuleiðis bundið slitlag. Sjaldgæft er að byggðin einangrist frá hringvegi að vetri þar sem oft er hægt að aka suður Strandaveg um Hrótafjörð þegar helsta samgönguæð svæðisins lokast. Flugvöllur er að auki á Hólmavík, en aðeins notaður í sjúkraflutninga eða af áhugamönnum.

Fjarskiptamál

Haustið 2014 var netsambandið á Hólmavík stórbætt með tilkomu ljósveitunnar. Hraðinn í dag á að vera allt að 50 Mb/sek sem er margfaldur sá hraði sem áður var í boði. Eins er nú hægt að fá fulla sjónvarpsþjónustu gegnum tenginguna.

Samkvæmt upplýsingum Innanríkisráðuneytis stendur til að byggja upp háhraðatengingar enn frekar með lagningu ljósleiðara á frá Brú í Hrótafirði, í gegnum Hólmavík og til Súðavíkur. Mun slík hringtenging bæta mjög rekstraröryggi almennra fjarskipta sem og neyðarfjarskipta.

Samfélagsleg áhrif

Mikilvægi Strandabyggðar er þó nokkur þar sem staðsetning þess er mitt á milli Reykjavíkur og Ísafjarðar og er í raun eini þjónustubær þessa leiðar innan Vestfjarða. Hér er enn starfandi heilsugæsla, lögreglustöð, bensínstöð og fín verslun, pósthús, banki, apótek, vegagerð og ýmis önnur þjónustutengd fyrirtæki. Brottlutningur aflaheimilda hefur áhrif á alla þessa starfsemi, þar sem aukin hætta yrði á fækkun íbúa, sem myndi leiða til skerðingu á þjónustu sem aftur myndi hafa áhrif á Vestfirði í heild. Ísafjörður yrði enn einangraðra.

Heildaráhrif á sölu helmings aflaheimilda myndi ekki einungis hafa áhrif á Strandabyggð, heldur einnig nærliggjandi bæjarfélög. Breytingar í aflaheimildum Strandabyggðar ógnar stöðuleika svæðisins og upprótar atvinnulífi svæðisins sem hefur verið í nokkru jafnvægi.

Óhugnanleg keðjuverkun getur farið af stað í samdrætti á þjónustu og uppsögnum hjá ýmsum fyrirtækjum og stofnunum með alvarlegum neikvæðum afleiðingum fyrir svæðið. Brottlutningur fólks myndi hafa veruleg áhrif á íbúðarverð sem hefur verið óvenjulega hátt á Hólmavík eða með því hærra sem gerist í dreifbýli á Íslandi.

Sjávarútvegur hefur frá upphafi verið burðarásinn í atvinnulífinu, en minni þjónustufyrirtæki hafa jafnframt vaxið í byggðarlaginu sem er nokkuð miðsvæðis og uppbygging í ferðaþjónustunni er mögulega framundan.

Stöðuleiki hefur verið á íbúafjölda Hólmavíkur, þar til síðustu ár. Töluvert af ungu fjölskyldufólki hefur flutt aftur heim eftir að hafa aflað sér menntunar og/eða starfsreynslu annars staðar. Atvinnuástand hefur verið nokkuð ásættanlegt og flestir fundið atvinnu við hæfi. Leiksskólinn var að verða of lítill og til stóð að byggja við hann. Á Hólmavík er mikið og gott mannlíf, þar er talið gott að vera.